



Námskeið með James Nottingham fyrir skólastjórnendur og kennara 24. nóvember

James Nottingham er kennari, leiðtogi og ráðgjafi, höfundur hugmyndarinnar um „*The Learning Pit*“ <https://www.learningpit.org/> og ellefu bóka fyrir kennara, stjórnendur og foreldra. Hann er virtur fyrirlesari og hefur haldið námskeið víða um heim, m.a. í samstarfi við Carol Dweck og John Hattie. Hann hefur fallist á að koma til Íslands og halda námskeið annars vegar fyrir skólastjórnendur um hvernig þeir geta stutt við leiðsagnarnám í sínum skólum og hins vegar fyrir kennara um spurningatækni og „*The Learning Pit*“/“námsgryfjuna“. Hvernig er hægt að veita nemendum/námsfélögum áskoranir til að hugsa, gera og læra með fjölbreyttri og markvissri spurningatækni?

Námskeiðið fyrir skólastjórnendur um hvernig þeir geta stutt við leiðsagnarnám í sínum skólum verður haldið í Kerhólum á 7. hæðinni í Borgartúni 12 – 14, fimmtudaginn **24. nóv. nk. kl. 9 – 12.**

Námskeiðið fyrir kennara verður einnig haldið í Kerhólum fim. **24. nóv. nk. kl. 14 – 17** eða annars staðar ef stærra húsrými reynist nauðsynlegt. Á það námskeið eru kennarar í þekkingarskólum leiðsagnarnáms sérstaklega hvattir til að skrá sig en einnig kennarar úr skólum sem hafa lýst áhuga á og frumkvæði að því að innleiða leiðsagnarnám í sínu skólastarfi.

Skólastjórnendur eru beðnir að skrá þá kennara sína sem ætla að mæta á námskeiðið.

Fyrstir koma, fyrstir fá – á meðan húsrúm leyfir!

Skráning fyrir skólastjórnendur er hér: <https://forms.gle/EPdFDo12g5fKFzoG7>

og fyrir kennara hér: <https://forms.gle/5Ud73jFfFt3u7kkd6>

The Learning Pit:

